

Tillaga 1

Tillaga frá stjórn USÚ

85. ársþing Ungmennasambandsins Úlfljóts, haldið í Hofgarði, Örfum 12. mars 2018, samþykkir eftirfarandi breytingar á 9. grein laga sambandsins:

Í 8. lið falla út orðin „til samþykktar“.

Í 9. lið bætist „og afgreiðsla þeirra“ við fyrir aftan, og hljóðar þá liðurinn þannig: „Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins, og afgreiðsla þeirra.“

Tillaga 2

Tillaga frá stjórn USÚ

85. ársþing Ungmennasambandsins Úlfljóts, haldið í Hofgarði, Örfum 12. mars 2018, samþykkir eftirfarandi breytingar á 10. grein laga sambandsins:

Í stað fyrstu orðanna: „Aukaping má halda ef nauðsyn krefur eða“ kemur: „Aukaping má halda ef meirihluti stjórnar telur það nauðsynlegt, eða ef a.m.k. helmingur aðildarféлага óskar þess.“

Greinin hljóðar þá svona:

Aukaping má halda ef **meirihluti stjórnar telur það nauðsynlegt eða ef a.m.k. helmingur aðildarféлага óskar þess**. Tilkynningafrestur til aukapings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaping eru þeir sömu og voru á næsta reglulegu þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukapingi má ekki gera laga eða leikreglubreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt ársþing.

Tillaga 3

Tillaga frá stjórn USÚ

85. ársþing Ungmennasambandsins Úlfljóts, haldið í Hofgarði, Örfum 12. mars 2018, samþykkir eftirfarandi breytingar á 7. grein reglugerðar um styrktar- afrekssjóð USÚ:

Greinin hljóðar svona í dag: „Til þess að hljóta styrk þarf að senda inn skriflega umsókn til stjórnar USÚ, Hafnarbraut 25, eða í tölvupósti.“

Lagt er til að greinin hljóði svona eftir breytingar: „Til þess að sækja um styrk þarf að senda stjórn USÚ umsókn, í samræmi við auglýsingu hverju sinni. Umsóknir sem berast á öðrum tímum skulu geymdar til næstu úthlutunar.“

Tillaga 4

Tillaga frá stjórn USÚ

85. ársþing Ungmennasambandsins Úlfljóts, haldið í Hofgarði, Örfum 12. mars 2018, hvetur ungmennaféлага til að fjölmenna á Landsmót UMFÍ og Landsmót UMFÍ 50+, sem haldin eru samhliða, á Sauðárkróki 12. – 15. júlí, og á Unglingalandsmót UMFÍ, sem verður haldið í Þorlákshöfn um verslunarmannahelgina. Þingið hvetur ungmennaféлага einnig til þess að taka þátt í almenningsíþróttaverkefnum á vegum UMFÍ og ÍSÍ.